

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 11

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

32. árgangur

27.2.2025

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2025/EES/11/01	Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 4/2024/SC frá 24. október 2024 um breytingu á ákvörðun fastanefndarinnar nr. 4/2004/SC um skipan nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES	1
2025/EES/11/02	Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 5/2024/SC frá 24. október 2024 um að auka við verkefni skrifstofu fyrir fjármagnskerfi EES og norska fjármagnskerfið	3
2025/EES/11/03	Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna 6/2024/SC frá 24. október 2024 um endurákvörðun um eiginfjáruka vegna kerfisáhættu í samræmi við 133. gr. og tilkynningu stjórnvalda í Noregi um endurákvörðun eiginfjáruka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII) í samræmi við 131. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 og síðari breytingum.	5
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2025/EES/11/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11786 – MONDI/ SCHUMACHER PACKAGING (GERMAN & DUTCH & UK BUSINESS))	9
2025/EES/11/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11838 – GA/TA/TSYL TOPCO) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10
2025/EES/11/06	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11867 – DAIKIN/COPELAND/ C-D COMPRESSION TECHNOLOGIES JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11

2025/EES/11/07	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11872 – TRITON/KEENFINITY) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2025/EES/11/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11873 – QUATTOR/BC PARTNERS/CIGIERRE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2025/EES/11/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11875 – CEMENT AUSTRALIA/BGC CEMENTITIOUS) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2025/EES/11/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11884 – HUNAN YUNCHU/MINMETALS NEW ENERGY/TMCI/MEIWA/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2025/EES/11/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11892 – GLOBAL TECHNOLOGIES/NOVARES GROUP) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2025/EES/11/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11915 – EDFT/JERA/POWERCO) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2025/EES/11/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11615 – JBT/MAREL)	18
2025/EES/11/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11690 – ROBERT BOSCH/JCI)	18
2025/EES/11/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11706 – CINVEN/AISE/FRESSNAPF)	19
2025/EES/11/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11744 – PINNACLE MEDIA/REDBIRD/NAI/PARAMOUNT)	19
2025/EES/11/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11794 – SAGAX/SWISS LIFE/JV)	20
2025/EES/11/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11831 – BNPP LCTIEF/MET 6/ARKOLIA)	20
2025/EES/11/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11844 – EFMS/LEIGH/CALISEN MIDCO I)	21
2025/EES/11/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11855 – MACQUARIE/DOW/DOW INFRACO JV)	21
2025/EES/11/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11858 – DEUTSCHE BÖRSE/LINDNER/DIGITAL VAULT SERVICES)	22
2025/EES/11/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11877 – PGGM/INVESIS)	22
2025/EES/11/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11882 – STELLANTIS/BBVA/FCA FC)	23
2025/EES/11/24	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	24

2025/EES/11/25	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Almannaþjónustukvaðir sem lagðar eru á í tengslum við áætlunarflug	26
2025/EES/11/26	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	27
2025/EES/11/27	Yfirlit um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað vegna notkunar og/eða notkunar efna sem talin eru upp í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar REACH)	28
2025/EES/11/28	Upplýsingar um staðla sem varða EFTA-ríkin í samræmi við framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/286 frá 13. febrúar 2025 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2023/941 að því er varðar samhæfða staðla fyrir heyrnarhlífir, persónuhlífir til að verjast falli og augn- og andlitshlífir sem samdir eru til stuðnings reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425	29

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna

2025/EES/11/01

4/2024/SC

frá 24. október 2024

um breytingu á ákvörðun fastanefndarinnar nr. 4/2004/SC um skipan
nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir,

og að teknu tilliti til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 4/2004/SC frá 3. júní 2004 um skipan
nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES,

með vísan til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna 5/2010/SC frá 9. desember 2010 um breytingu
ákvörðun fastanefndarinnar 4/2004/SC um skipan nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES,

með vísan til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna 2/2016/SC frá 2. júní 2016 um breytingu ákvörðun
fastanefndarinnar 4/2004/SC um skipan nefndar til að stýra fjármagnskerfi EES,

og með vísan til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 1/2024/SC frá 1. febrúar 2024 um skipan
bráðabirgðanefndar til að stýra fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028,

með vísan til samningsins milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein og
Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028,

með vísan til bókunar 38d um fjármagnskerfi EES (2021–2028), sem bættist við EES-samninginn
samkvæmt ákvæðum ofangreinds samnings milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins
Liechtenstein og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Nefnd til að stýra fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028

Í stað annars málslíðar 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 4/2004/SC frá
3. júní 2004 kemur eftirfarandi:

„Hlutverk nefndarinnar er að stýra fjármagnskerfi EES 2004–2009, fjármagnskerfi EES 2009–2014 og
fjármagnskerfi EES 2014–2021 og fjármagnskerfi EES 2021–2028.“

2. gr.

Birting

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

3. gr.**Gildistaka og framkvæmd**

Ákvörðun þessi öðlast gildi á gildistökudegi samningsins eða daginn sem samningurinn um fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021-2028 kemur til framkvæmda til bráðabirgða, er undirritaður var í Brussel hinn 12. september 2024.

Gjört í Brussel 24. október 2024.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Formaður

Anders H. Eide

Framkvæmdastjóri

Kurt Jäger

* * * * *

Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna**2025/EES/11/02****5/2024/SC****frá 24. október 2024****um að auka við verkefni skrifstofu fyrir fjármagnskerfi EES og norska fjármagnskerfið**

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir,

með vísan til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 1/2004/SC frá 5. febrúar 2004 um stofnun skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins,

með vísan til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna 6/2010/SC frá 9. desember 2010 um að auka við verkefni skrifstofu fyrir fjármagnskerfi EES og norska fjármagnskerfið,

með vísan til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna 3/2016/SC frá 2. júní 2016 um að auka við verkefni skrifstofu fyrir fjármagnskerfi EES og norska fjármagnskerfið,

með vísan til samningsins milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021–2028,

með vísan til bókunar 38d um fjármagnskerfi EES (2021-2028), sem bættist við EES-samninginn samkvæmt ákvæðum ofangreinds samnings milli Evrópusambandsins, Íslands, Furstadæmisins Liechtenstein og Konungsríkisins Noregs um fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021-2028,

með vísan til samnings Konungsríkisins Noregs og Evrópusambandsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2021-2028,

með vísan til þess að í 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 1/2004/SC er skrifstofu fyrir fjármagnskerfi EES og norska fjármagnskerfinu aðeins veitt umboð til að stýra fjármagnskerfunum 2004–2009 og í ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 6/2010/SC frá 9. desember 2010 og í ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 3/2016/SC frá 2. júní 2016 er umboð ofangreindrar skrifstofu aðeins framlengt til að stýra fjármagnskerfunum fyrir árin 2009–2014 og 2014-2021, eftir því sem við á,

og að teknu tilliti til þess að þörf er á skrifstofu til að stýra fjármagnskerfi EES og norska fjármagnskerfinu 2021-2028.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.**Skrifstofa fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfið**

1. Skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins, sem var stofnuð með ákvörðun fastanefndarinnar nr. 1/2004/SC, er enn fremur falið að annast skrifstofuhald við rekstur fjármagnskerfis EES 2021-2028 og norska fjármagnskerfisins 2021-2028.
2. Að því er varðar fjármagnskerfi EES 2021-2028, skal skrifstofan heyra undir nefndina sem stýrir fjármagnskerfi EES.
3. Að því er varðar norska fjármagnskerfið 2021–2028, skal skrifstofan heyra undir norska utanríkisráðuneytið.

2. gr.**Birting**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

3. gr.**Gildistaka og framkvæmd**

Að því er varðar fjármagnskerfi EES 2021-2028, öðlast ákvörðun þessi gildi á gildistökudegi samningsins eða daginn sem samningurinn um fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021-2028 kemur til framkvæmda til bráðabirgða, er undirritaður var í Brussel hinn 12. september 2024.

Að því er varðar norska fjármagnskerfið 2021-2028, öðlast ákvörðun þessi gildi á gildistökudegi samningsins eða daginn sem samningurinn um fjármagnskerfi EES fyrir árin 2021-2028 kemur til framkvæmda til bráðabirgða, er undirritaður var í Brussel hinn 12. september 2024.

Gjört í Brussel, 24. október 2024

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Formaður

Anders H. Eide

Framkvæmdastjóri

Kurt Jäger

* * * * *

Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna

2025/EES/11/03

6/2024/SC

frá 24. október 2024

um endurákvörðun um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu í samræmi við 133. gr. og tilkynningu stjórnvalda í Noregi um endurákvörðun eiginfjárouka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII) í samræmi við 131. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2019 og síðari breytingum.

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 14. lið IX. viðauka hans,

með hliðsjón af álit ESB kerfisáætturáðsins (ESRB), ⁽¹⁾

að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt b-lið 6. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB (CRD), skulu lögbær eða tilnefnd yfirvöld endurskoða eiginfjároukann á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir að lágmarki árlega sem þau þurfa að viðhalda. Samkvæmt 12. mgr., annarrar undirgreinar áðurnefndrar greinar, skulu lögbær eða tilnefnd yfirvöld einnig endurskoða árlega tilgreiningu á öðrum kerfislega mikilvægum stofnunum þar sem slíkt hlutfall eiginfjárouka er til staðar. Samkvæmt 7. mgr. 131. gr. tilskipunarinnar, sem tekin var upp í EES-samninginn, skal lögbæra eða tilnefnda yfirvaldið, áður en eiginfjárouki eða aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir er ákvarðaður eða endurákvörðaður, senda evrópska kerfisáætturáðinu tilkynningu um það og ber evrópska kerfisáætturáðinu að framsenda slíkar tilkynningar án tafar til fastanefndar EFTA-ríkjanna, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og lögbærs eða tilnefnds yfirvalds EES-samningsaðilanna sem málið varðar.
- 2) Samkvæmt 15. mgr. 131. gr. CRD tilskipunarinnar, með hliðsjón af mgr. 5a, þriðju undirgrein áðurnefndrar greinar, ber fastanefnd EFTA-ríkjanna að heimila þjóðhagsvarúðarráðstafanir í EFTA-ríki sem leiðir til þess að samanlögð hlutföll eiginfjárouka vegna kerfisáhættu og eiginfjárouka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir eru hærri en 5% af viðeigandi fjárhæð áættugrunns fyrir tiltekna lánastofnun og mengi eða hlutmengi af áættuskuldbindingum. Samkvæmt áðurnefndum greinum CRD tilskipunarinnar, ber evrópska kerfisáætturáðinu, innan sex vikna frá viðtöku tilkynningar eins og um getur í 7. mgr. 131. gr. CRD tilskipunarinnar, að láta fastanefnd EFTA-ríkjanna í té álit á því hvort samanlögð hlutföll eiginfjárouka vegna kerfisáhættu og eiginfjárouka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir teljist tilhlýðileg.
- 3) Hinn 5. nóvember 2020, tilkynnti norska fjármálaráðuneytið evrópska kerfisáætturáðinu, samkvæmt 11. mgr. 133. gr. tilskipunar 2013/36/ESB sem gildir um og í Noregi frá 1. janúar 2020 ⁽²⁾, um fyrirætlun sína að ákvarða hlutfall eiginfjárouka vegna kerfisáhættu sem 4,5% sem gildir um lánastofnanir. Hinn 4. desember 2020, samþykkti evrópska kerfisáætturáðið tilmæli evrópska kerfisáætturáðsins frá 4. desember 2020 um tilkynningu stjórnvalda í Noregi um fyrirætlun sína að ákvarða hlutfall eiginfjárouka vegna kerfisáhættu í samræmi við 133. gr. tilskipunar (ESB) 2013/36/ESB (ESRB/2020/14), þar sem það lagði til að tillagan að hlutfalli eiginfjárouka vegna kerfisáhættu sem verður beitt í Noregi skuli teljast réttlæt看leg, viðeigandi, hlutfallsleg, skilvirk og hagkvæm í tengslum við áættuna sem norska fjármálaráðuneytið fæst við. Hinn

⁽¹⁾ Álit Evrópska kerfisáætturáðsins frá 7. október 2024 um tilkynningu stjórnvalda í Noregi um endurákvörðun um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu í samræmi við 133. gr. og tilkynningu stjórnvalda í Noregi um ákvörðun eða endurákvörðun eiginfjárouka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII) í samræmi við 131. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum (ESRB/2024/6).

⁽²⁾ Áður en tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/878 frá 20. maí 2019 um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB að því er varðar aðila sem njóta undanþágu, eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, starfskjör, eftirlitsráðstafanir og -heimildir og ráðstafanir til að varðveita eigið fé var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 383/2021.

4. desember 2020, samþykkti fastanefnd EFTA-ríkjanna, að teknu tilliti til ofangreindra tilmæla evrópska kerfisáhætturáðsins, tilmæli fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 1/2020/SC þar sem ekki var mælt með neinum breytingum á hinni tilkynntu ráðstöfun.
- 4) Hinn 30. September 2022, sendi norska fjármálaráðuneytið tilkynningu til evrópska kerfisáhætturáðsins varðandi áform sín um að krefjast þess að þrjár stofnanir viðhaldi eiginfjáruka vegna kerfisáhættu af almennu eigin fé þáttar 1, í samræmi við 131. gr. CRD tilskipunarinnar. Hinn 15. nóvember 2022 lét evrópska kerfisáhætturáðið fastanefnd EFTA-ríkjanna í té álit þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að stig eiginfjáruka annarrar kerfislega mikilvægrar stofnunar í hlutfalli eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sé bæði árangursríkt og í réttu hlutfalli til að bregðast við greindum hættum. Hinn 16. desember 2022, samþykkti fastanefnd EFTA-ríkjanna, að teknu tilliti til ofangreint álit evrópska kerfisáhætturáðsins, ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 2/2022/SC, sem heimilaði norska fjármálaráðuneytinu að innleiða eiginfjáruka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir sem leiða til samanlagðra hlutfalla eiginfjáruka sem eru hærri en 5% af viðeigandi fjárhæð áhættugrunns fyrir þrjár lánastofnanir, í allt að eitt ár frá og með 16. desember 2022.
- 5) Hinn 26. júní 2023, sendi norska fjármálaráðuneytið formlega tilkynningu til evrópska kerfisáhætturáðsins varðandi áform sín um að krefjast þess að fjórar stofnanir viðhaldi eiginfjáruka vegna kerfisáhættu af almennu eigin fé þáttar 1, í samræmi við 131. gr. CRD tilskipunarinnar. Hinn 3. ágúst 2023 lét evrópska kerfisáhætturáðið fastanefnd EFTA-ríkjanna í té álit þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að stig eiginfjáruka annarrar kerfislega mikilvægrar stofnunar í hlutfalli eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sé áfram árangursríkt og í réttu hlutfalli til að bregðast við greindum hættum. Hinn 21. september 2023, samþykkti fastanefnd EFTA-ríkjanna, að teknu tilliti til ofangreint álit evrópska kerfisáhætturáðsins, ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 3/2023/SC, sem heimilaði norska fjármálaráðuneytinu að innleiða eiginfjáruka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir sem leiða til samanlagðra hlutfalla eiginfjáruka sem eru hærri en 5% af viðeigandi fjárhæð áhættugrunns fyrir þrjár lánastofnanir, í allt að eitt ár frá og með 21. september 2023.
- 6) Hinn 29. ágúst 2024, sendi norska fjármálaráðuneytið formlega tilkynningu til evrópska kerfisáhætturáðsins varðandi áform sín um fyrirætlun sína að endurákværða hlutfall eiginfjáruka vegna kerfisáhættu sem miðar við núverandi 4,5% af áhættugrunni. Þann sama dag sendi norska fjármálaráðuneytið formlega tilkynningu til evrópska kerfisáhætturáðsins varðandi áform sín um að krefjast þess að vissar stofnanir viðhaldi eiginfjáruka vegna kerfisáhættu af almennu eigin fé þáttar 1, í samræmi við 131. gr. CRD tilskipunarinnar. Skrifstofa evrópska kerfisáhætturáðsins staðfesti móttöku tilkynningarinnar hinn 30. ágúst 2024 og framsendi hana, samkvæmt mgr. 5a 131. gr. CRD tilskipunarinnar, til fastanefndar EFTA-ríkjanna þann sama dag.
- 7) Tilkynnti eiginfjárukinn á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir mun gilda um fjórar innlendar lánastofnanir, þar af eitt dótturfélag móðurfyrirtækis með staðfestu í öðru landi á Evrópska efnahagssvæðinu. Þrjár af lánastofnunum munu verða háðar 1% eiginfjáruka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir og ein mun verða háð 2% eiginfjáruka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir.
- 8) Norska fjármálaráðuneytið hefur tilgreint þessar lánastofnanir sem kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SIIs) í samræmi við eftirtalin viðmið: i) heildareignir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) Noregs og/eða ii) lán til einkaaðila annarra atvinnugreina en fjármálastarfsemi sem hlutfall af heildarlánum til einkaaðila annarra atvinnugreina en fjármálastarfsemi í Noregi. Þessi viðmið eru talin upp sem valfrjálssir vísbendar í 2. viðauka við leiðbeiningar Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um viðmið sem nota má til að ákvarða skilyrði beitingar 3. mgr. 131. gr. CRD tilskipunarinnar í tengslum við matið á kerfislega mikilvægum stofnunum (O-SIIs).⁽³⁾ Til viðbótar við þessar tvö meginviðmið, tók norska fjármálaráðuneytið einnig tillit til skyldubundinna viðmiða í leiðbeiningum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar þegar það beitti traustu eftirlitsmati sínu.

⁽³⁾ EBA/GL/2014/10.

- 9) Þar sem 4.5% hlutföll eiginfjárauka vegna kerfisáhættu og fyrirhugaður eiginfjáruki á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir munu leiða til sameiginlegra eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir sem er hærri en 5% lét evrópska kerfisáætturáðið fastanefnd EFTA-ríkjanna í té álit á fyrirhuguðu aðgerðunum hinn 9. október 2024.
- 10) Í álitinu sínu frá 9. október 2024, og í meðfylgjandi matsbréfi, endurskoðar evrópska kerfisáætturáðið áættur sem fjallað er um í fyrirhuguðu aðgerðinni og kemst að þeirri niðurstöðu að þær áættur sem leiða til endurákvörðunar eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir stafi af því afar mikilvæga hlutverki sem aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir gegna í norsku efnahagslífi.
- 11) Evrópska kerfisáætturáðið er enn þeirrar skoðunar að stig eiginfjárauka annarrar kerfislega mikilvægrar stofnunar í hlutfalli eiginfjárauka vegna kerfisáhættu sé árangursríkt og í réttu hlutfalli til að bregðast við greindum hættum. Í því sambandi tekur evrópska kerfisáætturáðið tillit til þess að eiginfjáruki á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir kemur til viðbótar við núverandi hlutföll eiginfjárauka vegna kerfisáhættu sem eiga nú þegar við um lánastofnanirnar. Evrópska kerfisáætturáðið bendir á að við núverandi aðstæður, séu samanlögð hlutföll eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir metin sem árangursrík og í réttu hlutfalli til að bregðast við greindum hættum fyrir hverja lánastofnun sem fellur undir gildissvið þessara tveggja ráðstafana. Einkum hafa samanlögð hlutföll eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir ekki í för með sér óhófleg skaðleg áhrif á fjárhagslegan stöðugleika í Noregi og ekki sé búist við því að þau myndi eða skapi hindrun fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins.
- 12) Fastanefnd EFTA-ríkjanna veitir því athygli að evrópska kerfisáætturáðið, í meðfylgjandi matsbréfi, getur þess að matsteymi þess er þeirrar skoðunar að norsk yfirvöld eru hvött til að fylgjast með áhrifum væntanlegra reglubreytinga á árangur ráðstafananna um hlutföll eiginfjárauka vegna kerfisáhættu og eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir.
- 13) Fastanefnd EFTA-ríkjanna metur sem svo, eftir gagngera athugun á tilkynningunni frá norska fjármálaráðuneytinu frá 29. ágúst 2024 og að teknu tilliti til álits evrópska kerfisáætturáðsins, að samanlagður tilkynntur eiginfjáruki á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir fyrir hlutaðeigandi lánastofnanir og eiginfjárukiinn vegna kerfisáhættu sem eru í gildi fyrir hlutaðeigandi áættu-skuldbindingar og lánastofnanir hafi ekki í för með sér óhófleg skaðleg áhrif á fjármálakerfi, hvorki í heild né að hluta, annarra aðildarríkja eða EES-svæðisins í heild og ekki sé búist við því að ráðstöfunin myndi eða skapi hindrun fyrir eðlilega starfsemi innri markaðarins.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Hlutföll eiginfjárauka vegna kerfisáhættu og eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir

Norska fjármálaráðuneytinu er hér með heimilað að innleiða eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir sem leiða til samanlagðra hlutfalla eiginfjárauka vegna kerfisáhættu og eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII) sem eru hærri en 5% af viðeigandi fjárhæð áættugrunns fyrir eftirfarandi lánastofnanir, í allt að eitt ár frá og með 24. október 2024, að því tilskildu að skilyrðunum fyrir beitingu hlutfalla eiginfjárauka vegna kerfisáhættu og eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII) sé áfram fullnægt:

Lánastofnun	Samanlögð hlutföll eiginfjárauka vegna kerfisáhættu og eiginfjárauka á aðrar kerfislega mikilvægar stofnanir (O-SII)
DNB Bank ASA	6,5%
Kommunalbanken AS	5,5%
Nordea Eiendoms kreditt AS	5,5%
Sparebank 1 SR-Bank ASA	5,5%

2. gr.**Viðtakandi**

Ákvörðun þessari er beint til norska fjármálaráðuneytisins, Finansdepartementet, Akersgata 40, 0180 Oslo, Norway.

3. gr.**Birting**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

4. gr.**Gildistaka og framkvæmd**

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 24. október 2024.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Formaður
Anders H. Eide

Framkvæmdastjóri
Kurt Jäger

* * * * *

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11786 – MONDI/SCHUMACHER PACKAGING
(GERMAN & DUTCH & UK BUSINESS))

2025/EES/11/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. febrúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Mondi Investments Limited (Bretlandi), dótturfélag sem er að fullu í eigu Mondi plc („Mondi“) (Bretlandi)
- hlutabréf í tilteknum einingum og eignirnar sem mynda þýsku, hollensku og bresku bylgjupappalausnirnar og viðskipti með stíf pappablöð Schumacher Holding GmbH fyrirtækjasamstæðunnar (Þýskaland) (einu nafni andlag viðskiptanna, „Target“)

Mondi nær yfirlýðingum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir andlagi viðskiptanna (Target) í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum og eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Mondi er samþættur framleiðandi á umbúðum og pappír. Starfsemi þess fer einkum fram í Evrópu, Norður-Ameríku og Afríku.
- Andlag viðskiptanna (Target) annast umbúðalausnir úr bylgjupappa og stífum pappablöðum.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 28.2.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11786 – MONDI/SCHUMACHER PACKAGING (GERMAN & DUTCH & UK BUSINESS)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Email: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/11/05

(mál M.11838 – GA/TA/TSYL TOPCO)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. febrúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- General Atlantic (TSV), L.P. („GA“, Bandaríkjunum), sem endanlega lýtur yfirráðum General Atlantic Service Company, LP (Bandaríkjunum) (GA, ásamt tengdum fjárfestingarsjóðum, „GA group“)
- TA Associates Management, L.P. („TA“, Bandaríkjunum), sem endanlega lýtur yfirráðum TA Associates L.P. (Bandaríkjunum)
- TSYL Topco, L.P. („TSYL Topco“ eða andlag viðskiptanna, „Target“, Bandaríkjunum), sem lýtur sem stendur alfarið yfirráðum TA

GA og TA öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir TSYL Topco.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- GA er hluti af GA samstæðunni, alþjóðlegur vaxtarfjárfestir sem veitir fjármagn og stefnumótandi stuðning, sem er með starfsemi í 20 löndum á fimm svæðum.
- TA er framtakssjóður sem starfar um allan heim með eignasafn fyrirtækja í tilteknum greinum, m.a. viðskiptaþjónustu, á neytendamarkaði, í fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og tækni.

3. Starfsemi andlags viðskiptanna (Target) er sem hér segir: TSYL Topco er hugbúnaðarfyrirtæki sem býður upp á áhættu- og atvikaskýrsluvörur í tengslum við stórslys eins og flóða- og skógareldahættulíkön eða veðurspárvörur fyrir skógarelda. Það starfar undir mismunandi vörumerkjum, þ.e. Technosylva, KatRisk, Heartland Software Solutions og Atmospheric Data Solutions.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 27.2.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11838 – GA/TA/TSYL TOPCO

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11867 – DAIKIN/COPELAND/C-D COMPRESSION
TECHNOLOGIES JV)

2025/EES/11/06

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. febrúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Daikin Industries, Ltd. („Daikin“, Japan)
- Copeland LP („Copeland“, Bandaríkjunum), sem lýtur yfirráðum sjóða sem njóta ráðgjafar og stjórnað er af hlutdeildarfélagum Blackstone Inc. (Bandaríkjunum)

Daikin og Copeland ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu félagi („JV“).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Daikin er alþjóðlegur framleiðandi á hita-, loftræsti-, loftkælingar- og kælikerfum og er skráð í kauphöllinni í Tókýó.
- Copeland er alþjóðlegur framleiðandi íhluta sem notaðir eru í hitun, kælingu, kælikeðju og iðnaðarlausnir.

3. Nýstofnaða sameiginlega félaginu (JV) er ætlað að koma snúningsþjöpputækni Daikin fyrir í loftræstingu, hitun og vatnshitun íbúðarhúsnæðis í Bandaríkjunum.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 28.2.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11867 – DAIKIN/COPELAND/C-D COMPRESSION TECHNOLOGIES JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2025/EES/11/07

(mál M.11872 – TRITON/KEENFINITY)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. febrúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Triton Fund 6 GP SARL („Triton Fund 6“, Lúxemborg), sem tilheyrir Triton Group (bæði í Lúxemborg)
- Keenfinity GmbH („Keenfinity“), sem lýtur endanlega yfirráðum Robert Bosch GmbH (bæði í Þýskalandi)

Triton 6 öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Keefinity í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Triton 6 er framtakssjóður sem er hluti af Triton samstæðunni, sem samanstendur af fjárfestingarsjóðum sem stýra og ráðleggja fyrirtækjum, einkum meðalstórum fyrirtækjum með höfuðstöðvar í Mið- og Norður-Evrópu með áherslu á viðskiptaþjónustu, iðnað og heilsu.
- Keenfinity er alþjóðlegur framleiðandi öryggis- og samskiptakerfa með áherslu á myndkerfi, aðgangs- og innbrotakerfi og samskiptakerfi.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 26.2.2025. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11872 – TRITON/KEENFINITY

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11873 – QUATTROR/BC PARTNERS/CIGIERRE)

2025/EES/11/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. febrúar 2025 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- QuattroR SGR S.p.A. („QuattroR“, Ítalíu), sem er lýtur yfirráðum samstarfsaðila í gegnum QR Partners S.r.l. (Ítalíu)
- BC European Capital IX - 1 til 12 LP (Bretlandi), fjárfestingarsjóður sem nýtur ráðgjafar BC Partners LLP („BC Partners“, Bretlandi)
- Cigierre – Compagnia Generale Ristorazione S.p.A. („CGR“, Ítalíu) sem lýtur sem stendur yfirráðum sér í lagi af hálfu BC Partners.

QuattroR og BC Partners öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir CGR.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- QuattroR stýrir ítalska einkahlutafélaginu „Fondo QuattroR“ og „Fondo QuattroR MidCap“ sem hafa það að markmiði að fjárfesta í ítölskum fyrirtækjum og endurræsa þau. QuattroR stjórnar í dag sjö verðbréfafyrirtækjum á sviði verkfræði, vöruferilsstjórnunar, framleiðslu og dreifingar.
- BC European Capital IX -1 til 12 LP er fjárfestingarsjóður sem nýtur ráðgjafar BC Partners. BC Partners er alþjóðlegur fjárfestingastjóri sem leggur áherslu á óskráð hlutabréf, lánsfé og fasteignir með tengslanet um alla Evrópu og Norður-Ameríku.
- CGR er starfandi eignarhaldsfélag fyrirtækjasamstæðu sem sér fyrst og fremst um rekstur veitingastaða á Ítalíu, beint og í gegnum sérleyfiskerfi. Starfsemi CGR utan Ítalíu takmarkast við fáa veitingastaði í Frakklandi og Sviss. CGR hefur þróað mismunandi snið veitingastaða sem eru aðallega þekkt undir vörumerkjunum Old Wild West, Pizzikotto, Wiener Haus, Smashie, America Graffiti og Shi 's.

